



Kjalarnes.is



FRÉTTABRÉF FÉLAGASAMTAKA Á KJALARNESI

WWW.KJALARNES.IS

11. des. 2008

Ábyrgðarmaður:

Guðni Ársæll Indriðason
kjalarnes@kjalarnes.is

Á DÖFINNI

11/12 Félagsstarf eldri borgara kl 15 - 17
13-14/12 Jólatrjáasala að Fossá kl 11-15
17/12 Björgunarsv. Kjölur kl 20 í Þörnýjarbúð
18/12 Félagsstarf eldri borgara kl 15 - 17
20-21/12 Jólatrjáasala að Fossá kl 11-15
23/12 Skötuveisla í Fólkvangi kl 18-22
24/12 Jólasveinar á ferli
28/12 Flugeldasala Kjarar kl. 13-22
29/12 Flugeldasala Kjarar kl. 13-22
30/12 Flugeldasala Kjarar kl. 13-22
31/12 Flugeldasala Kjarar kl. 10-16
31/12 Áramótabrenna Klébergi kl 20:00
8/01 Slysavarnadeild kvenna Rvk í Þörnýjarbúð.
8/01 Viðtalstími Hverfaráðs kl 18:30 - 19:30

SKÖTUVEISLA

Á Þorláksmessu 23. des. 2008 verður haldin skötuveisla í fyrsta skipti í félagsheimilinu Fólkvangi. Veislutími er frá kl. 18 til kl. 22. Ýmislegt verður í boði s.s. kæst skata og plockfiskur. Ekki verður boðið upp á drykki.


Allir eru velkomnir.

500 kr. Aðgangseyrir - frítt verður fyrir 17 ára og yngri. Skráning er á netfang: kjalarnes@simnet.is og í síma 568-2731 milli kl. 20:00 - 21:00

Aðgangseyrir mun renna til langveikra barna.

Siggi Kjalnes

FRÁ UMFK



Á vorönn verðum við hjá UMFK áfram á fullri ferð með knattspyrnuna, fimleikana og badminton en að auki bætast við sundæfingar!

Vonumst við til að sundkrakkarnir hafi viðhaldið sundtökunum og komi hressir inn aftur eftir langt hlé !



“Cheerleading” – Klappstýrunámskeið fer aftur af stað eftir

áramótin og það sem er nýtt hjá okkur er Powersport, krefjandi og fjörugar æfingar þar sem keppt er um Powersport-meistarann bæði hjá stelpum og strákuðum!



Nú ættu vonandi flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og hvetjum við alla krakka til að mæta á æfingar.

Allar nánari upplýsingar verða birta í kjalarnes.is sem kemur út strax eftir áramótin. Fylgist vel með! Bestu óskir um gleðileg jól,

Fh. UMFK

Fríða Halldórsdóttir og Guðrún Grímsdóttir



GLEÐILEG JÓL

FRÁ JÓLATÓNLEIKUM TÓNLISTARSKÓLANS

Fullt var út úr dyrum á jólatónleikum



Einbeitingin er mikil í svip hins unga trommuleikara.

Tónlistarskólans 6. desember sl. þar sem



Berglind söng Jingle Bells af miklum krafti og hressileika.

nemendur léku og sungu jólalög fyrir ánægða og þakkláta áhorfendur. 28 einstaklingar, eða u.þ.b. helmingur nemenda skólans tróð þarna upp og lék á hin ýmsu hljóðfæri, gítar, rafmagnsgítara, hljómborð, píanó, trommur, trompet, klarinett og þverflautu auk söngs. Að lokum fluttu yngri og eldri kórar Klébergsskóla nokku lög.

Tónlistarkennararnir

Ásrún, Sveinn og Páll höfðu umsjón með tónleikum auk

Stelpur og strákar úr 2.-4. bekk saman í yngri kórnum.



KJALNESINGAR OG KJÓSVÉRJAR VELKOMNIR!

Fimmtudaginn 8. janúar kl. 20 heldur Slysavarnadeild Kvenna í Reykjavík janúarfund sinn á Kjalarnesi, í Þórnyjrabúð (bækisstöð björgunarsveitarinnar í Grundarhverfi).

Skemmtilegur félagsskapur kvenna á öllum aldri, sem hefur þau markmið að efla slysavarnir og styðja við björgunarsveitir.

Björgunarsveitin Kjölur



Fríður Birna formaður SVD kvenna í Reykjavík afhendir styrki til Birgis Þórs formanns Kjalar.

TÖKUM ÁVALLT VEL Á MÓTI NÝJUM FÉLÖGUM Í ÞÓRNÝJARBÚÐ

Unglingadeildin Stormur - mánudagar kl. 20

Björgunarsveitin Kjölur - miðvikudagar kl. 20

Sjá nánar á heimasíðunni: www.bjsvkjolur.is

Björgunarsveitin Kjölur

FÓTBOLTI SUMARSINS

Eftir viðburðaríkt sumar hjá okkur fótboltamönnum í UMFK þá ætlum við að fara hér á eftir lítillga yfir árangur sumarsins.

7. flokkur fór uppá Skaga og spilaði þar 3 leiki í sumar.

UMFK – ÍA I 2-2

UMFK – ÍA II 4-2

UMFK – Álftanes 8-0

Seinna fórum við aftur uppá Skaga. Leiknir voru 4 leikir, unnum við 2 en töpuðum 2.

Fórum skemmtilega ferð á Flúðir með eldri flokkinn og yngri. Höfðum við betur í leik við Hrunamenn.

Næst var okkur boðið á Framdagana. Unnum við 3 leiki og 3 jafntefli.

Síðan kom Fram til okkar hingað á Kjalarnesið og unnum við 10-6.

Við fórum á Landsbankamótið á Tungubökkum í Mosfellsbæ. Þar lékum við nokkra leiki.

UMFK – Stjarnan 11-0

UMFK – Víkingur 3-3

UMFK – Hrunamenn... 2-0



Tókum þátt í Kaupþingsmótinu á Akranesi. Kepptum þar í B flokki.

UMFK – Stjarnan II 1-1

UMFK – HK 6-0

UMFK – FH 4-5

UMFK – Þróttur 2-0

UMFK – Ægir 3-4

UMFK – Fram 2-1

UMFK – Reynir 2-1

UMFK – Stjarnan I 3-3

Heildarmarkatalan var 23-15.

Þeir sem skoruðu mörkin á þessu móti voru:

Ívar Orri 16 mörk



Hrafn 6 mörk

Þorsteinn 1 mark

Í ágúst kom ÍA með tvö lið í heimsókn til okkar. Og fóru leikar þá þannig.

UMFK I – ÍA 4-1

UMFK I – ÍA 0-0

UMFK II – ÍA II 1-0

UMFK II – ÍA II 2-0

Í September héldum við lítið mót hér í íþróttahúsinu okkar, **Fluggermótið**. Leikið var innanhúss vegna veðurs. Fylkir kom með 2 lið og og ÍA með eitt lið. Til úrslita kepptu UMFK – ÍA 0-1. Flugger litir komu og grilluðu pulsar fyrir alla eftir mótið.

Bestu kveðjur

Kristinn Guðmundsson Þjálfari



Ívar Orri markakóngur

FORELDRARÖLT Í GRUNDARHVERFI

Foreldrafélagið í Klébergsskóla skipuleggur foreldrarölt í Grundarhverfi. Foreldrum/forráðamönnum allra barna í Klébergsskóla er skipt niður á daga og fá boð um að mæta í röltið á föstudags- eða laugardagskvöldum í vetur. Boðin verða send í tölvupósti og/eða með SMS skilaboðum. Foreldrar hvers bekkjar röltu saman og hittist hópurinn við Kátakot/Fólkvang kl. 22 og gengur um hverfið. Fulltrúar úr foreldrafélaginu eru tengiliðir við foreldra og gefa nánari upplýsingar hverju sinni.

Foreldrarölt – til hvers?

Tilgangurinn með foreldrarölti er að varna því að unglingar lendi í vanda og koma í veg fyrir hópamyndanir eftir löglegan útivistartíma. Nærvera fullorðinna þar sem unglingar hafa safnast saman hefur róandi og fyrirbyggjandi áhrif. Með þessu minnkum við líkurnar á að unglingarnir lendi í aðstæðum sem ógna þeim eða hræða. Slík nærvera gefur unglingunum líka tækifæri til að leita aðstoðar fullorðinna ef á þarf að halda.

Á ég að gæta bróður míns?

Margir foreldrar hugsa sem svo: Barnið mitt er ekki úti á kvöldin. Ég sé um minn ungling og af hverju ætti ég að vera að eyða tíma mínum í að passa annarra manna börn? Við þessu er einfalt svar:

Með því hefur þú áhrif á það félagslega umhverfi sem þú og barnið þitt býr við. Því færri sem nota vímuefni, eru lagðir í einelti eða beittir ofbeldi af öðru tagi, því betra og öruggara er það umhverfi sem unglingurinn þinn býr við. Við berum öll ábyrgð á okkar nánasta umhverfi, hættum þess og hvar unglingar geta haft athvarf til neyslu óæskilegra efna og hópamyndunar.

Nærvera fullorðinna hefur áhrif:

- Ósætti milli einstaklinga eða hópa þróast síður yfir í alvarlegt ofbeldi.

- Drykkja eða önnur vímuefnaneysla fer síður fram þar sem fullorðnir eru nærstaddir.

Þeir sem selja áfengi eða önnur vímuefni láta síður sjá sig ef fullorðnir eru til staðar.

Hvernig á að hegða sér á foreldrarölti?

- Við eigum að vera sýnileg. Merkjum okkur með barmmerkjunum.

- Við þurfum að vera til staðar ef unglingarnir leita til okkar en forðumst að stjórna þeim.

- Við þurfum að geta hlustað og leiðbeint án þess að



stjórna.

- Við eigum helst aldrei að vera færri en fimm saman.
- Við hringjum á lögreglu ef upp koma árekstrar, ofbeldi, slys, vímuefnaneysla og sala eða annað sem krefst afskipta. Tökum fram að við erum foreldrar á rölti. Við ræðum ekki málefni einstaklinga sem við reynum á foreldrarölti við óviðkomandi.

Verum vel heima í útivistarreglunum!

Samþykkjum ekki foreldralaus samkvæmi!

(Texti af <http://heimilhogskoli.is/foreldrasamstarf/foreldrarolt/>)

GÓÐGERÐARBINGÓ

Unglingar í Félagsmiðstöðinni Flógyn á Kjalarnesi ásamt starfsmönnum héldu góðgerðarbingó miðvikudaginn 3. desember til styrktar Umhyggju, félags langveikra barna.

Góð þáttaka var og tókst þeim að safna 60.000 kr þetta kvöld sem rann óskipt til Umhyggju.

Það var ekki bara bingó þetta kvöld því krakkar á aldrinum 12-15 ára á Kjalarnesi komu með kökur á hlaðborðið.

Í nóvember hafa nemendurnir í unglingadeildinni staðið í ströngu og

hafa þau tekið þátt í mörgum viðburðum bæði á vegum ÍTR og Samfés. Fyrst má nefna Skrekk, en 35 af 49 unglingum tóku þátt í honum undir stjórn Kolbrúnar Birnu, síðan er það Rímnaflæði sem að var haldið í Miðbergi og þar kepptu þau Stefán Birgir og Brynhildur fyrir hönd Flógyn, og síðast en ekki síst er það Stíll sem haldinn var í Fífunni í Kópavogi, þar voru 60 lið sem kepptu frá öllum landshlutum um hönnun, hár, förðun og heildarútlit sem tengdust þema ársins, en að þessu sinni var það “Framtíðin” og Kepptu Margrét módel, Rósa, Íris og Helena fyrir hönd Flógyn.

Öll þessi atriði voru síðan sýnd á góðargerðarkvöldinu við mikla ánægju áhorfenda og þáttakanda.



Rímnaflæði 2008 Félagsmiðstöðin
Flógyn Brynhildur



Nemendaráð félagsmiðstöðvarinnar Flógyn og
Klébergsskóla á Kjalarnesi. Efri röð: Benni, Brynhildur,
Gulli, Carlos, Lelíta. Neðri röð: Árni, Haffi, Egill og Stebbi.

PERLAN HVALFJÖRÐUR HVERS Á HÚN AÐ GJALDA

Hvalfjörður er einn þessara fjarða er skerst inní strönd landsins, og hverjum þykir sinn fugl fagur. A.m.k. viljum við meina það er þar búum að Hvalfjörður er mjög fallegur og sveitirnar í kring. Sveitir þar sem stundaður er l a n d b ú n a ð u r (matvælaframleiðsla), skógrækt, ferðapjónusta, iðnaður og mikið er af sumarhúsum í Hvalfirði og ýmislegt fleira sniðugt má finna þar.



INNVIÐIR HVALFJARÐAR

Hvalfjörðurinn er í mikilli nálægð við stærsta þéttbýli landsins, höfuðborgarsvæðið. Þaðan sækir fólk Hvalfjörðinn töluvert til heimsóknna af ýmsu tagi, s.s. njóta náttúrunnar, veiða lax, spila golf, hitta fjölskyldu og vini er þar búa, fara í sumarbústaðinn, velja sér t.d. jólatré, fara á sveitamarkað eða stunda vinnu á þeim vinnustöðum sem byggðir hafa verið síðustu áratugina. Eins er ásókn í að taka malarefni af hafsbotni Hvalfjarðar í stórum stíl.

EFNISTAKA AF HAFSBOTNI

Þessi efnistaka hefur verið stunduð í tæpa 5 áratugi án teljandi eftirlits af hendi opinberra aðila. Þó hafa orðið lítillegar breytingar þar á síðustu misserum. Lög um umhverfismat ná til slíkra framkvæmda og stendur nú yfir frumvinna að umhverfismati fyrir Hvalfjörðinn, Kollafjörð og sundin við Reykjavík vegna uppðælingu malarefna af hafsbotni.

UMHVERFISMAT HVAÐ ER ÞAÐ

Umhverfismat er gott og gilt eins langt og það nær. En lögin um umhverfismat eru hinsvegar stórlega gölluð. Þegar aðila er gert að fara með framkvæmd í umhverfismat er það hans verkefni að velja og semja við “hæfa” aðila til að vinna umhverfismatið. M.ö.o. framkvæmdaaðilinn kaupir umhverfismatið. Þá verður mér hugsað til þess þegar t.d. þú lesandi góður ferð í búðina að kaupa í kvöldmatinn þá er enginn þar sem segir þér hvað þú skulir kaupa í matinn. Nei, þú ákveður það sjálfur hvað skal vera í matinn, eitthvað sem er vel ætt. Eins er með umhverfismatið, þar

ákveður framkvæmdaaðilinn hvað hann kaupir. Ekki kaupir hann umhverfismat sem bannar honum framkvæmdina, hann kaupir eitthvað sem er vel ætt.

HVER HLUSTAR?

Frá því að umhverfisráðherra úrskurðaði að uppðæling malarefna af hafsbotni skuli fara í umhverfismat og eftir að framkvæmdaaðilinn, sem er Björgun, tapaði því máli eftir að hafa farið með það fyrir dómstóla hafa íbúar, landeigendur, sveitastjórnir og staðkunnugir sent inn athugasemdir á breytingum á lífríki, fjörum, sjávarbökkum og sjávabotni. Þessar athugasemdir eru látnar sem vind um eyru þjóta.

Ýmsar athuganir og rannsóknir eru sagðar vera gerðar sem settur hefur verið fyrirvari við um að unnið sé af heilindum. Rannsóknir sem sumar hverjar eru í raun getgátur einar. Eins er sagt að þar sem búið er að vinna efni af botni Hvalfjarðar í langan tíma, og hugsanlega að skemma eitthvað, þá skiftir ekki máli þótt því verði haldið áfram, ekkert breytist meir en búið er og fortíðin er ekki í umhverfismati.

Lífrikisrannsóknirnar byggjast á að taka botnsýni úr námu og utan við námu og bera þau saman. Þetta eru allt tómar blekkingar. Það er hvergi að finna ósnertann botn í Hvalfirði vegna stanslausrar leitar dæluskipa að nýtanlegum malarefnum.

ER MENGUN Í HVALFIRÐI?

Þegar álverið í Hvalfirði var í undirbúningi var hópur fólks sem stofnaði samtökin SÓL Í HVALFIRÐI til að sporna við uppbyggingu á mengandi iðnaði. Hver er staðan í því? Jú, í haust komu fram upplýsingar um aukna flúormengun sem menn túlkuðu hver með sínum hætti. Annarsvegar var sagt að nú mældist aukin mengun, og að mengunin kæmi fram í gróðri og búfé. Breytingar á tönnum sauðfjár bentu eindregið til mikillar aukningar flúors. En hinsvegar var sagt að mengunin væri innan viðmiðunarmarka.

ÁSÆTTANLEGT ÓVERULEGT

Já, ásættanlegt og óverulegt eru uppáhaldsorðin í kringum slíka hluti sem þessa. Hversu lengi ætlum við að láta ganga yfir okkur á skítugum skónum. Hvenær segir þjóðin “HINGAÐ OG EKKI LENGRA”. Fær náttúran nokkurntíman að njóta vafans þegar peningar og pólitík eru annarsvegar.

Lítum við eitthverntímann bjartann dag í

umhverfismálum hér á Íslandi? Er þess að vona að umhverfisráðherra geri tilraun til að aðlaga lög um umhverfismat í átt að trúverðugleika? Trúverðugleiki sem koma skal fram í vinnu og undirbúningi umhverfismats.

VERNDUN / VÖKTUN HVALFJARÐAR

Er ekki kominn tími á að íbúar kringum Hvalfjörð taki höndum saman til verndar Hvalfirðinum í heild sinni? Getum við sætt okkur við það öllu lengur að farið verði með lífríkið og umhverfið eins og hentar hagsmunum hvers og eins sem hefur löngun til að græða fjármuni á kostnað okkar íbúa Hvalfjarðar. Þurfum við ekki að rísa á fætur nudda stýrurnar úr augunum og berja í borðið.

Getum við látið fara af stað alsherjar vöktun á lífríki og umhverfi Hvalfjarðar með eitthverju móti.



Safnað saman öllum upplýsingum um Hvalfjörð sem til eru vegna rannsókna og látið greina hvað er nothæft vegna hagsmunaárekstra við gerð rannsóknanna. Skilgreint t.d. hvernig var P E R L A N

HVALFJÖRÐUR fyrir “iðnbyltinguna” í Hvalfirði. Í þettað þarf eitt stykki stofnun, stofnun með trúverðugleika sem vinnur þessi verkefni. Er slík stofnun til í dag? Þarf að búa hana til og stjórna henni af íbúum Hvalfjarðar trúverðugleikians vegna. Dæmi er um að sveitafélag hafi stofnað slíkt ransóknarsetur til að rannsaka og vakta sitt nærumhverfi. Hvar eigum við að byrja??

SAMEINADIR STÖNDUM VÉR,

SUNDRADIR FÖLLUM VÉR

Með hvaða hætti eiga íbúar við Hvalfjörð að standa saman. Er möguleiki að sameina sveitafélögin við Hvalfjörð. Það væri í þeim anda sem boðaður hefur verið varðandi lágmarksíbúafjölda sveitafélaga. Er það eitthver kostur í þessu sambandi. Sveitafélögin við Hvalfjörð hafa ekki verið mjög samstíga í þessu máli. Eða á að endurvekja Sól í Hvalfirði, eða stofna önnur samtök með þau markmið að vernda Hvalfjörðinn í allri sinni dýrð. Eða eigum við bara að halda áfram að bugta okkur og beygja fyrir öllum þessum “hringrásarvíkingum”.

Guðni Indriðason

Laufbrekku Kjalarnesi

FRAMKVÆMDIR VIÐ DÆLUSTÖÐ

Um miðjan nóvember hófust framkvæmdir vegna byggingu dælustöðvar neðan Fólkvangs. Dælustöðin mun í framtíðinni taka frárennsli hverfisins og koma því á haf út.

Verktími er áætlaður a.m.k. eitt ár. Verkefnið er lögn frá byggðinni yfir í dæluhús neðan Fólkvangs. Á þeirri leið verður byggð dæluþró við lækinn sem mun dæla frárennslinu uppí safnþró á Kléberginu, þaðan verður svo sjálfrennandi í dælustöðina.



Mikið rask fylgir þessu næsta árið. Með þessu verður fjaran mun þrífalegri en nú er, þar sem skolpið fer út í fjöruna neðan Esjugarndar. Framkvæmdin er mikil umhverfisbót.

UM HVERFISRÁÐ KJALARNESS.

Hverfisráð Kjalarness kemur að jafnaði saman einu sinni í mánuði. Í samþykkt borgarstjórnar fyrir hverfisráðin segir að þau skuli stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis, þau eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum.

Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni.

Hverfisráð fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi og umhverfi er snerta hverfið auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu. Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar eignasjóðs um forgangsörðun framkvæmda í hverfinu.

UMHVERFIS- OG FEGRUNARVERÐLAUN KJALARNESS

Eitt af því sem hverfisráð Kjalarness hefur ákveðið að gera er að vekja athygli á góðri umgengni.

Margt er það sem betur má fara í oft á tíðum hirðuleysislegri umgengni okkar við landið og af nægu að taka ef gera ætti athugasemdir. Það eru einnig margir sem við getum tekið okkur til fyrirmyndar í umgengni bæði fjölmargir einstaklingar sem og fyrirtæki. Það var því úr vöndu að ráða en niðurstaðan var að veita Sorpu á Kjalarnesi þessi umhverfis- og fegrunarverðlaun. Í umsögn segir að starfsmenn Sorpu á Kjalarnesi eru sérlega liprir og hjálpsamir. Eins er umhverfi Sorpu þar til fyrirmyndar hvað varðar snyrtimennsku og umgengni. Verður starfsmönnum veittur viðurkenningarskjöldur og persónuleg gjöf við athöfn í Fólkvangi.

Það er von hverfisráðsins að með því að vekja athygli á einhverju því sem vel er gert gæti það orðið til eftirbreytni fyrir aðra og vonandi eftirsótt að fá slíkan skjöld í framtíðinni.

VIÐTALSTÍMAR HVERFISRÁÐS KJALARNESS

Fulltrúar í hverfisráði Kjalarness hafa formlega viðtalstíma einu sinni í mánuði. Þeir eru fyrsta fimmtudag hvers mánaðar í Fólkvangi kl. 18:30 til 19:30 sem hér segir:

8. janúar 2009:

Þórir Ingþórsson og Egill Örn Jóhannesson

5. febrúar 2009

Hólmar Þór Stefánsson og Gunnar H. Gunnarsson

5. mars 2009

Ásgeir Harðarson og Sigríður Pétursdóttir

2. apríl 2009

Marta Guðjónsdóttir og Gunnar H. Gunnarsson

7. maí 2009

Þórir Ingþórsson og Eldey Huld Jónsdóttir

4. júní 2009

Ásgeir Harðarson og Hólmar Þór Stefánsson

Þar sem hverfisráðið er samráðsvettvangur íbúa, atvinnulífs og borgaryfirvalda eru þessir viðtalstímar góður farvegur fyrir þá sem vilja koma að eflingu þessa litla samfélags okkar.

Því hvetjum við sem flesta til að líta við í þessa viðtalstíma okkar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

CHEERLEADING UMFK

Klappstýruæfingar hefjast aftur eftir áramótin í íþróttahúsi UMFK.



Æfingar verða á hverjum laugardegi. Kenndur verður pompom dans, stökkæfingar og stunts. Tekið verður á þoli, styrk og liðleika. Tveir hópar 5.-7. bekkur og 8.-10. bekkur, eða eftir þátttöku.

Allir velkomnir!

Skráning fer fram í síma 697-3474.

**Marianna Þórðardóttir þjálfari,
nemi í íþróttáfræðum við HÍ**

POWERSPORT UMFK

Skemmtilegar og krefjandi æfingar fyrir stráka og stelpur með massívri tónlist sem fær alla til að púla, svitna og hafa gaman!



Æfingar hefjast strax eftir áramót og verða á hverjum degi í íþróttahúsi UMFK. Aldursviðmið 8.-10. bekkur. Þriðja hvern laugardag verður kynjaskipt Powercup þar sem hópurinn keppir

innbyggðis um titil Powersportmeistarans 2009. Hár puls, sviti, úthald og hraði, þetta er erfitt og krefjandi en þó fullt af fjöri og geysiskemmtilegt. Mjög fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar: Triathlon, duathlon, hlaup, hjól, sund, línuskautar, þrautabrautir, ratleikir, O-hlaup, adventure og fleira.

Skráning í síma 697-3474.

**Marianna Þórðardóttir þjálfari,
nemi í íþróttáfræðum við HÍ.**

STYRKVEITINGAR HVERFISRÁÐS KJALARNESS

Í gegnum tíðina hefur hverfisráð Kjalarness stutt við ýmsa starfsemi hér á Kjalarnesi. Á fundi þess í síðustu viku var samþykkt að veita styrk til UMFK, Storms sem er unglingadeild Björgunarsveitinnar Kjalar og 10. bekkjar Klébergsskóla.

Að þessu sinni verður ekki alveg fyrirhafnarlaust að fá þennan styrk því hann er skilyrtur umhverfisverkefni sem verður á dagskrá í vetur.

FLUGELDASALA Á KJALARNESI 2008

Flugeldagámur við Sorpu. Stöndum vörð um öflugt
starf björgunarsveitarinnar og verslum í heimabyggð!

28. desember kl. 13-22

29. desember kl. 13-22

30. desember kl. 13-22

31. desember kl. 10-16

Björgunarsveitin Kjölur



JÓLATRJÁASALA AÐ FOSSÁ Í HVALFIRÐI

Helgarnar 13. og 14. desember og 20. og 21. desember verður
opið þar fyrir almenning, frá kl. 11:00 til 15:00.


Allur ágóði rennur til skógræktar og uppbyggingar
útivistarsvæðis á jörðinni. Skógræktarfélagin í Kópavogi,
Mosfellsbæ, Kjálarnesi og Kjós eiga þetta svæði og hafa
plantað í það í um 36 ár.

Með því að velja íslenskt jólatré styrkir þú skógræktarstarfið í
landinu. Fyrir hvert selt jólatré
geta skógræktarfélagin gróðursett
30 - 40 ný tré.



Íslensk jólatré eru barrheldnari en
innflutt vegna þess að þau eru
höggvin miklu síðar en þau
innfluttu og ef þau þorna aldrei
byrja þau að vaxa um
þrettándann!

*Með jólatrjáakveðju, Fossá,
skógræktarfélag*



Reynivallaprestakall

Jólaguðspjónustur

Aðfangadagur:

Brautarholtskirkja kl. 17

Saurbæjarkirkja kl. 22

Jóladagur:

Brautarholtskirkja kl. 11 (útvarpað)

Reynivallakirkja kl. 14

Gunnar Kristjánsson sóknarprestur

AFGREIÐSLUTÍMAR ÍMK

yfir jól og áramót

23 des Þriðjudagur Þorláksmessa..... kl 17—22

24 des miðvikudagur aðfangadagur kl 10—13

25 des fimmtudagur jóladagur lokað

26 des föstudagur annar í jólum..... lokað

27 des laugardagur kl 11—15

28 des sunnudagur..... kl 11—15

29 des mánudagur kl 17—21

30 des þriðjudagur..... kl 17—22

31 des miðvikudagur gamlársdagur kl 10—13

1 jan fimmtudagur nýjársgdagur lokað

2 jan föstudagur..... kl 17—21

Íþróttamiðstöðin Klébergi